

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að deiliskipulagi.

Traðarreitur eystri. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 24. nóvember 2020 deiliskipulag fyrir Traðarreit eystri sem nánar tiltekið afmarkast af Álfröð í austur, Digranesvegi í suður, lóðarmörkum Kópavogsskóla í vestur og Hávegi í norður.

Stærð skipulagssvæðisins er um 9.000 m² og á því standa nú 8 íbúðarhús með samtals 12 íbúðum sem byggð voru á árunum 1952 til 1955. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að byggðar verði allt að 180 íbúðir í tveggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum með kjallara og inndreginni þakhæð. Gert er ráð fyrir allt að 200 m² atvinnuhúsnæði á jarðhæð með aðkomu frá Álfröð. Samkvæmt tillögunni er áætlað nýtingarhlutfall svæðisins ofanjarðar 2,45 og með kjallara 3,70. Í tillögunni er miðað við 1,3 bílastæði á íbúð og 1 bílastæði á hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis og að Skólatröð milli Digranesvegjar og Hávegjar verði lokað fyrir almenna umferð ökutækja.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 8. júní 2021.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.